

mánudagur, 8. október 2018

Borgarráð Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál R18050272 þar sem óskað er eftir upplýsingum um mörk útivistarsvæðisins vestan megin við Vesturbæjarsundlaug, gagnvart lóðarhöfum fasteigna við Einimel. Óskað er eftir svari við þeirri spurningu hvort gengið hafi verið á umrætt útivistarsvæði og ef svo er, hvort slíkt hafi verið gert með vitund og vilja borgaryfirvalda.

BORGARRÁÐ 31. maí 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mörk útivistarsvæðisins vestan megin við Vesturbæjarsundlaug – R18050272.

Umsögn


Í gildi er deiliskipulag fyrir Vesturbæjarsundlaug, dags. samþ. 27. apríl 2004, sjá mynd á bls. 2. Svæðið afmarkast af aðliggjandi einbýlishúsum við Einimel, til suðurs og vesturs og afmarkast af fjölbýlishúsum við Hagamel til norðurs og af Hofsvallargötu til austurs, stærð skipulagssvæðis er um 1,8 ha. Umhverfis sundlaugina er grænt svæði, opið útivistarsvæði sem liggur að aðliggjandi byggð, sem eru einkalóðir við Einimel. Landnotkun skv. aðalskipulagi er miðsvæði, M13. Í skipulagstillögunni þá er skilgreint að græna svæðið sé leiksvæði og bætt er við stígum inn á græna svæðið sem umleikur laugina, þannig að aðgengi að því er bætt. Gert er ráð f yrir því að halda opinni grasflöt/ leikflöt sunnan við girðinguna um sundlaugina og leiksvæði yrði að vestanverðu auk sleðabrekku. Síðan er gróðursett á milli til að bæta rýmismyndun og skapa hlýleika.

Varðandi útivistarsvæðið þá er nokkuð ljóst að lóðir við Einimel 22-26 hafa tekið sér land fyrir utan sín lóðarmörk séu loftmynd, mæliblöð og gildandi skipulagsáætlun bornar saman. Það er klárlega í andstöðu við gildandi deiliskipulag og liggja engar heimildir fyrir um þessa landtöku. Erindi hafa verið tekin fyrir hjá skipulagsyfirköldum þar sem umræddir lóðarhafar hafa óskað eftir stækkun sinna lóða eða að taka umrætt landsvæði í fóstur, en þeim hefur alltaf verið svarað neikvætt.

Björn Ingi Edvardsson,
verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa



Loftmynd af svæðin, tekin árið 2018



Gildandi deiliskipulag frá 2004